

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 9/2010

2010/EES/50/24

frá 23. desember 2009

um að leyfa endó-1,4-beta-xýlanasa, sem er framleiddur með *Trichoderma reesei* (ATCC PTA 5588), sem fôðuraukefni fyrir eldiskjúklinga, varphænur, endur og eldiskalkúna (leyfishafi er Danisco Animal Nutrition, Finnfeeds International Limited) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,
með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópu-
sambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fôðri ⁽¹⁾, einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa til að nota aukefni í fôður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu.
- 2) Í samræmi við 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 var lögð fram umsókn um leyfi fyrir blöndunni sem tilgreind er í viðaukanum við þessa reglugerð. Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.
- 3) Umsóknin varðar leyfi fyrir ensímblöndu með endó-1,4-beta-xýlanasa, sem er framleiddur með *Trichoderma reesei* (ATCC PTA 5588), í aukefnaflokknum „dýraræktaraukefni“, sem fôðuraukefni fyrir eldiskjúklinga, varphænur, endur og eldiskalkúna.
- 4) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd stofnunin) komst að þeirri niðurstöðu í álitinu sínu frá 12. og 19. september 2007 ⁽²⁾, frá 22. nóvember 2007 ⁽³⁾ og 2. júlí 2009 ⁽⁴⁾ að ensímblanda með endó-1,4-beta-xýlanasa, sem er framleiddur með *Trichoderma*

reesei (ATCC PTA 5588), hafi ekki skaðleg áhrif á heilbrigði dýra eða manna eða á umhverfið og að notkun blöndunnar sé áhrifarík til að auka vöxt dýranna. Stofnunin telur að ekki sé þörf á sértekum kröfum um eftirlit að lokinni setningu á markað. Í álitinu er einnig staðfest skýrsla um aðferðir til að greina aukefni í fôðri sem tilvísunarrannsóknarstofa Bandalagsins, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.

- 5) Mat á blöndunni sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, hafa verið uppfyllt. Til samræmis við það ber að leyfa notkun þessarar blöndu eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð.
- 6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Blandan, sem tilheyrir aukefnaflokknum „dýraræktaraukefni“ og virka hópnum „meltingarbætandi efni“ og er tilgreind í viðaukanum, er leyfð sem aukefni í fôðri með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 23. desember 2009.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel BARROSO

forseti.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 3, 7.1.2010, bls. 10. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 81/2010 frá 2. júlí 2010 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, (bíður birtingar).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

⁽²⁾ Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (2007) 548, bls. 1.

⁽³⁾ Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (2007) 586, bls. 1.

⁽⁴⁾ Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (2009) 1183, bls. 1.

VIÐAUKI

Kenninúmer aukefnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarksinnihald	Hámarksinnihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						Virkniefningar/kg heilfóðurs með 12% rakainnihaldi			
Flokkur dýraræktaraukefna. Virkur hópur: meltingarbætandi efni									
4a11	Danisco Animal Nutrition, lögaðili er Finnfeeds International Limited	Endó-1,4-β-xýlanasi EC 3.2.1.8	SAMSETNING AUKEFNIS Blanda með endó-1,4-β-xýlanasa (EC 3.2.1.8), framleiddur með <i>Trichoderma reesei</i> (ATCC PTA 5588) með lágmarksvirkni 40000 U ⁽¹⁾ /g LÝSING Á EIGINLEIKUM VIRKA EFNISINS Endó-1,4-β-xýlanasi (EC 3.2.1.8), framleiddur með <i>Trichoderma reesei</i> (ATCC PTA 5588)	Eldis-kjúklingar	—	625 U	—	1. Í notkunarleiddbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluhita, geymsluþol og þol við kögglun. 2. Til nota í fóður, auðugt af sterkju og öðrum fjölsykrum en sterkju (einkum arabínóxýlönnum), t.d. þær sem innihalda yfir 40% hveiti eða 60% mais.	13.1.2020
						2500 U			
						625 U			
						1250 U			

⁽¹⁾ 1 U er magn ensíms sem leysir 0,5 míkromól afoxandi sykra (gefið upp sem xýlósajafngildi) á mínútu úr víxltengdu arabínxýlanharvafni úr hafrahismi við pH 5,3 og 50.